

Skýrsla til sveitarsjórnar frá sveitarstjóra, skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins

Ágúst 2017

Markmiðið með samantekt þessari er að efla upplýsingaflæði milli stofnana sveitarfélagsins, til sveitarstjórnar og til íbúa. Sveitarstjóri, forstöðumenn og starfsmenn skrifstofu taka saman helstu verkefni liðins mánaðar auk þess að gera grein fyrir áætluðum verkefnum komandi mánaðar. Það er von okkar að með þessu náist að varpa meira ljósi á það sem er í gangi í sveitarfélaginu á hverjum tíma og hvað er framundan. Hver og einn starfsmaður vinnur sinn part skýrslunnar og er engu breytt, því getur formið verið breytilegt.

Frá sveitarstjóra – Andrea K. Jónsdóttir

Auk venjubundinna daglegra starfa voru verkefni sveitarstjóra helst þessi í ágúst:

Skrifstofa Strandabyggðar opnaði þann 8. ágúst eftir tveggja vikna sumarlokun. Fáliðað var á skrifstofunni fyrstu tvær vikurnar vegna sumarfría og tók starfseminn nokkuð mið af því og ýmsu hliðrað til af þeim sökum. Tveir sveitarstjórnarfundir voru í ágúst, einn samkvæmt dagskrá þann 8. ágúst og síðan aukafundur þann 17. ágúst enda ýmislegt fyrirbyggjandi sem þurfti afgreiðslu fundar, s.s. fjallskilaseðill 2017, kynning og framkvæmd samfellds skóladags í grunnskólanum ofl. Forstöðumannafundur var haldinn á milli sveitarstjórnarfunda þann 11. ágúst. Þann 21. ágúst var vinnufundur BsVest á Ísafirði og annar símafundur síðar í vikunni varðandi BsVest. Fest voru kaup á nýrri skólabifreið og fundur var í svæðisskipulagsnefnd. Ég tók sumarleyfi síðustu dagana í ágúst, frá 28/8 – 1/9.

Frá forstöðumanni áhaldahúss – Sigurður M Þorvaldsson

Í ágúst kláruðust strandveiðarnar ekki fyrr en 17 og komu á land hér 47 tonn. Herjan hefur verið á makrílveiðum í ágúst og hafa landað um 95 tonnum í ágúst, aðrir bátar hafa verið að byrja á makrílveiðum en þeir hafa landað á Drangnesi. Einnig hefur verið landað hér tæpum 17 tonnum af rækju og rúmum 18 tonnum á landbeitta línu alls er þetta 180,5 tonn sem komu á land í ágúst ásamt 295 tonnum af rækju sem komu með gámaflutningabílum.

Nú er að verða klár kjallarin í félagsheimilinu svo félagsmiðstöðin flytur þangað inn nú í byrjun september.

Búið er að setja upp klifurgrind á lóð Grunnskólans en á eftir að fá öryggismöl undir hana.

Klæðning var sett á Höfðatún og Lækjartún og aðeins á bletti í brekkuna upp á Vitabraut, vonandi að þessi aðgerð heppnist vel og við verðum laus við holurnar í bili.

Unnið hefur verið í fjárréttum þ.e. Staðarrétt og Skeljavíkurrétt en ákveðið var að fresta um ár nýsmíði á þeirri síðarnefndu og verða þær klárar nú í byrjun sept.

Hreinsitækni kom hér í lok mánaðarins og hreinsaði fyrir okkur lagnir ásamt því að taka upp úr sandsíum fyrir sundlaugina sem voru síðan fylltar með nýjum sandi.

Frá leikskólastjóra – Aðalbjörg S. Sigurvaldadóttir

Verið að ljúka kynningu á starfsáætlun leikskólans og verður hún kynnt fræðslunefnd á næsta fundi nefndarinnar. Starfsáætlunin var unnin með eftirliti og aðstoð ráðgjafa Tröppu.

Næsta verkefni er að gera skólanámskrá fyrir leikskólann og verður það gert með aðstoð ráðgjafa Tröppu.

Búið er að panta inn húsgögn fyrir leikskólann, en pantað var frá IKEA í stað dýrari fyrirtækja. Búið að staðfesta pöntun og nú bíðum við eftir sendingunni sem vonandi berst fljótlega. Ekki er alveg á hreinu hvenær flutt verður inn í viðbygginguna en vonandi verður það fljótlega.

Fyrsti starfsdagur leikskólans var 17. ágúst og var farið í Búðardal. Þar hittust starfsfólk leikskóla og grunnskóla frá Hólmavík, Drangnesi, Reykhólum og Búðardal. Starfsfólk leikskólans var ánæggt með þennan dag.

Hinn árlegi foreldrafundur Lækjarbrekku var haldinn 30. ágúst og var illa sóttur af foreldrum. Farið var yfir starfsáætlun leikskólans og leikskólinn skoðaður.

Enn vantar starfsmann á leikskólann í afleysingar/deildarstarf, auglýsa þarf einu sinni enn.

Frá skólastjóra grunnskólans – Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir

Skýrsla skólastjóra ágúst 2017

Starfsfólk skólans mætti til starfa 15. ágúst

Fræðsludagur grunn- og leikskólanna á Reykhólum, Drangnesi, Búðardal og Hólmavík var haldinn 17. ágúst í Auðarskóla í Búðardal. Skólastjórar skólanna skipulögðu daginn sem tókst með miklum ágætum og er ljóst að framhald verður á. Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir skólastjóri Grunnskóla Borgarfjarðar var með fyrirlestur um jákvæða sálfræði og síðan tóku við smiðjur vel valinna leiðbeinenda.

Skólasetning var 22. ágúst í Hólmavíkirkirkju. Að henni lokinni var gengið til kirkju. Nemendur eru 52 talsins 31 drengur og 21 stúlka. Kennst er í fjórum bekkjardeildum 1. bekkur - 8 nemendur, 2.-4. bekkur - 12 nemendur, 5.-7. bekkur – 17 nemendur og 8.-10. – 15 nemendur.

Mikil undirbúningsvinna hefur farið fram vegna samfellds dags barna í 1. – 4. bekk sem fór af stað um leið og kennsla hófst. Um er að ræða samfellu í námi, tónlist og íþróttum innan ákveðins tímaramma. Skólastjóri, verkefnisstjóri og allir sem að vinnunni koma hafa átt gott og lausnamiðað samstarf.

Rafvirki skipti um ljós í sérkennslustofu og námsveri sem bætti lýsinguna til muna og kemur í veg fyrir sífelldan útslátt.

Starfsmenn áhaldahúss settu upp nýja klifurgrind á leikvellingum við skólann, hún hefur síðan verið í mikilli notkun.

Frá forstöðumanni íþróttamiðstöðvar – Birna Karen Bjarkadóttir

Mánaðarskýrsla Ágúst

Ágúst mánuður gekk vel fyrir sig, sumarstarfsmenn sögðu sig frá störfum í kringum miðjan mánuðinn. Okkur tókst þrátt fyrir það að halda opnu frá 09:00-21:00 út ágúst.

Þann 1. september tók við vetraropnun, en hún er sú sama og í fyrra:

Mánudagar – fimmtudagar 09:00-21:00

Föstudagar 09:00-16:00

Laugardaga og sunnudaga 11:00-18:00

31. ágúst var skipt um sand í sandsíum fyrir sundlaug. En skipta átti um sand í öllum síum en kom svo í ljós að kaupa þurfti varahluti í hinar þrjár síurnar.

En til þess að skipta um sand þarf bíll frá Hreinsitækni ehf að koma og aðstoða. Þess vegna verður að bíða með hinar þrjár síurnar fram á vor.

Búið er að fjárfesta í grillkofum fyrir tjaldsvæði. Það verður steypt fyrir kofunum næsta vor og komið grillinum fyrir.

Tjald til að skipta íþróttasal í tvennt er komið vel á veg í ferlinu öllu. Á næstu dögum fæ ég senda kosnaðaráætlun fyrir tjaldinu.

Varðandi lekann í kjallara og úti í kyndistöð: Egill pípari vonast til að komast til okkar í September.

Búið er að gera við dælu fyrir aðallaug og er hún komin í gagnið.

Skýrsla Félagsmálastjóra – María Játvarðardóttir

Undirrituð var í orlofi fyrstu vikuna í ágúst.

22. ágúst var haldinn samráðsfundur um ofbeldi á Ísafirði og var það Jafnréttisstofa sem boðaði til fundarins. Þar var mætt lögreglustjóri í Reykjavík ásamt yfirlögregluþjóni á Ísafirði og rannsóknarlögreglunni þar ásamt þeim sem starfa við félagsþjónustu á Vestfjörðum. Gagnlegur fundur og umræða.

Starfsmannamál hafa tekið mest allan tíma ágústmánaðar. Illa gengur að ráða í heimaþjónustu og eins vantar í liðveislu fyrir fötluð börn.

Hefðbundin störf voru unnin í félagsþjónustu, barnavernd og málefnum fatlaðra í mánuðinum.

Skýrsla skrifstofustjóra – Salbjörg Engilbertsdóttir

Júní-ágúst

Sumarið fór í að vinna þessi venjubundnu störf og klára sem mest fyrir frí. Gengið var frá ráðningu starfsmanns á skrifstofu en starfsmaðurinn getur byrjað þegar hann er búinn að vinna uppsagnarfrest á fyrri vinnustað eða starfsmaður hefur verið ráðinn í hans stað. Öll vinna við innheimtu, afgreiðslu og skráningu í bókhald bætist því við hjá okkur Andreu. Ég tók 5 vikur í sumarfrí í júlí og ágúst og náði 2 vikum sem ég gat verið alveg laus við vinnuna en var áður í 3 vikur sem ég mætti af og til í vinnu, sinnti tölvupósti og fl. Þetta gengur allt upp tímabundið, en núna þegar vinna við fjárhagsáætlun fer að fara á fullt, verður þetta auðvitað erfiðara. Vonandi gengur þetta allt saman upp fljótlega. Framundan er vinna við fjárhagsáætlun 2018-2021, námskeið í DK kerfinu, Fjármálaráðstefna og hin venjubundnu störf.

Félagsheimili

Ýmsir viðburðir voru í húsinu í sumar. Haldnar voru 4 fermingarveislur, 1 brúðkaup, afmæli, útför og ættarmót og eins gisti hópur í tengslum við Vestfjarðavíkinginn í húsinu.

Unnið var áfram að endurbótum í kjallara, sem er nú farið að sjá fyrir endann á og vonandi nær starfsemi að hefjast þar í vikunni. Frá skólabyrjun hefur Samfelldur skóladagur og Frístund verið tímabundið í sal og anddyri.

Tjaldsvæðið hefur haft afnot af anddyrinu fyrir gesti sína og hefur það verið vel nýtt og án vandræða. Oft kom þó fyrir að loka þurfi vegna viðburða í húsinu en ferðamenn virtust taka því af jafnaðargeði

og er mjög þakklátt fyrir aðstöðuna. Eldunaraðstöðu verður lokað 4/9 en opið verður á salernum allan sólarhringinn eins og síðasta vetur. Þurrkari var dæmdur ónýtur í þvottahúsi og keyptur nýr, en við nánari skoðun og losun á sigtum virtist hann í lagi.

Skýrsla slökkviliðsstjóra – Einar Indriðason

Starfsemi slökkviliðsins hefur verið í lágmarki undanfarna tvo mánuði eins og oft áður á sumrin og engin æfing verið haldin.

Nokkur tími hefur farið í að skoða og afla tilboða í slökkvibíl, nú í ágúst kom síðan nokkur skriður á það mál og fórum við Kristján Tryggvason til Blönduós og skoðuðum bíl sem þeir eru búnir að fá.

Okkur leist mjög vel á bílinn og uppúr því var fengið fast tilboð í nýjan bíl og búnað af sömu gerð fyrir okkur og hefur það nú borist sveitastjórn.

Í júlí var eitt útkall hjá okkur, og í ágúst voru tvö útköll og þar af annað í Árneshrepp.

Skýrsla Tómsfundafulltrúa – Íris Ósk Ingadóttir

Ekki kemur sérstök skýrsla frá Írisi núna. Hún stýrir verkefninu „Samfelldur skóladagur“ og sinnir starfi tómsfundafulltrúa í hlutastarfi meðfram fæðingarorlofi fram til janúar 2018. Tómsfundafulltrúi fundar með TÍM nefnd og þarf gefur hún yfirlit yfir störf sín. Eftirfarandi póst sendi Íris til samstarfsfólks síns varðandi verkefnið „Samfelldur skóladagur“ og gefur hann mynd af því sem verið er að fást við:

Hæ hæ,

Mig langaði að kasta á ykkur kveðju því nú eru tvær vikur liðnar af nýju skólaári og tvær vikur sem við í sameiningu höfum framkvæmt Samfellda dag barnsins. Mín upplifun er sú að allt hefur gengið vel en alls ekki án hindrana. En með góðri samvinnu og jákvæðu viðmóti hafa allar hindranir verið leystar á einfaldan og snöggan máta.

Ég vil þakka og jafnframt hrósa ykkur fyrir vel unnin störf. Mér hefur þótt rækilega gaman að vinna þetta verkefni með ykkur og horfi bjartsýn inn í veturinn ☺